

## LÖG

## um brottfall laga um Bankasýslu ríkisins, nr. 88/2009.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög um Bankasýslu ríkisins, nr. 88/2009, falla úr gildi 1. janúar 2025.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

- Lög um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019: 3. másl. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða V í lögnum fellur brott.
- Lög um stofnun opinbers hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja, nr. 75/2009: 2. másl. 3. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.
- Lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002: Í stað orðanna „7. gr. laga um Bankasýslu ríkisins, nr. 88/2009“ í 7. mgr. 53. gr. laganna kemur: 44. gr. a laga um opinber fjármál, nr. 123/2015.
- Lög um opinber fjármál, nr. 123/2015: Á eftir 44. gr. laganna kemur ný grein, 44. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

*Valnefnd.*

Ráðherra skipar þriggja manna valnefnd, eina eða fleiri, til þriggja ára í senn. Valnefnd skal skipuð einstaklingum með viðeigandi menntun og þekkingu. Hlutverk valnefndar er að gera tillögur til ráðherra um einstaklinga sem til greina koma til setu fyrir hönd ríkisins í annars vegar bankaráðum og stjórnnum fjármálafyrirtækja og hins vegar stjórnnum stærri opinberra hlutafélaga og sameignarfyrirtækja. Nánar skal kveðið á um starfsreglur valnefndar og fyrirkomulag tilnefninga í eigandastefnu ríkisins sem ráðherra setur skv. 44. gr.

Nr. 129

26. nóvember 2024

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Embætti forstjóra og önnur störf hjá Bankasýslu ríkisins skulu lögð niður frá og með 1. janúar 2025. Um réttindi og skyldur starfsmanna, þ.m.t. um biðlaunarétt, fer samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

*Gjört í Reykjavík, 26. nóvember 2024.*

**Halla Tómasdóttir.**

(L. S.)

*Sigurður Ingi Jóhannsson.*

A-deild – Útgáfudagur: 3. desember 2024